

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 42/2022

2022/EES/44/02

frá 23. febrúar 2022

um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2301 frá 21. desember 2021 um breytingu á framkvæmdaákvörðun (ESB) 2021/1073 um tækniforskriftir og reglur um framkvæmd traustamma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 ⁽¹⁾.
- 2) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 10a (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1073) í V. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 D 2301:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2301 frá 21. desember 2021 (Stjtið. ESB L 458, 22.12. 2021, bls. 536).“

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 11a (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1073) í VIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 D 2301:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2301 frá 21. desember 2021 (Stjtið. ESB L 458, 22.12. 2021, bls. 536).“

*3. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2021/2301, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 536.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.